

Sæl og blessuð.

Undanfarið hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (URN) verið í viðræðum við Samband íslenska sveitarfélaga um framtíð náttúrustofa og eru ráðuneytið og Sambandið sammála um að vinna saman að endurskoðun á stjórnskipulagi stofanna.

Til stendur að funda með þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri þeirra til að hefja samtal um áherslur og framtíðarsýn hvað varðar samvinnu ríkis og sveitarfélaga í starfsemi náttúrustofa. Stefán Guðmundsson ráðuneytisstjóri mun leiða samtalið fyrir hönd ráðuneytisins og einnig munu Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, Eydís Líndal Finnbogadóttir forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi frá Strategíu sitja fundina.

Fyrsti fundur mun fara fram 15.apríl í Suðurnesjabæ og vonir standa til að næsti fundur verði í Stykkishólmi 18.apríl.

Lagt er til að dagsetningar annarra funda verði eftirfarandi:

- 2. maí Náttúrustofa Suðausturlands (Höfn)
- 6. maí Náttúrustofa Suðurlands (Vestmannaeyjum)
- 14.-15. maí Náttúrustofa Norðvesturlands (14.maí, Sauðárkróki), Náttúrustofa Norðausturlands (15.maí Húsavík)
- 22. maí Náttúrustofa Austurlands (Egilsstöðum)
- 5. júní Náttúrustofa Vestfjarða (Bolungarvík)

Fundirnir eru hugsaðir sem opið samtal við fulltrúa sveitarfélaga sem standa að náttúrustofunum og stjórnendur þeirra um áherslur og framtíðarsýn stofanna. Óskað er eftir að forstöðumenn náttúrustofa boði stjórnir þeirra og sveitarstjórar boði sveitarstjórnarfólk. Auk þessara aðila er framkvæmdastjórum landshlutasamtaka á viðkomandi svæði boðið á fundinn.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

- Farið hringinn þar sem allir kynna sig
- Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri setur fundinn, þakkar móttökurnar og kynnir markmið fundarins
- Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins tekur til máls

Viðtalsrammi:

1. Hvert er ykkar mat á þeim árangri sem Náttúrustofan hefur náð á undanförunum árum?
2. Hverjar eru þær áskoranir sem Náttúrustofan stendur frammi fyrir að ykkar mati og hvernig er hægt að bregðast við þeim?
3. Hvaða tækifæri eru til framtíðar fyrir Náttúrustofuna að ykkar mati og hvernig væri hægt að láta þau raungerast?
4. Hvaða samstarfsmöguleika og/eða samþættingarmöguleika sjá þið fyrir ykkur til skemmri og lengri tíma meðal náttúrustofa, við Landshlutasamtök svæðisins, Náttúrufræðistofnun og/eða aðra aðila?
5. Annað sem fundarmenn vilja koma á framfæri.

Bkv. Steinar



Steinar Kaldal, sérfræðingur og teymisstjóri náttúru- og minjaverndar / Head of Division and Team Leader for Nature Conservation & Cultural Heritage

Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar / Department of Strategic Planning and Implementation

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



GRÆN SKREF